

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudagurinn 12. febrúar 2016



VINSTRI GRÆN

4. fundur stjórnar VG settur kl. 15.05 á Hallveigarstöðum.
Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Björn Valur Gíslason, Daníel Arnarsson, Hrafnkell Lárusson (gegnum skype), Benóný Harðarson, Jakob S. Jónsson, Una Hildardóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Rósa Björk Brynjólfsdóttir, Álfheiður Ingadóttir. Björg Eva Erlendsdóttir, og Lísu Kristjánsdóttir. fh. EVG Þóra Elfa Björnsson, fh. sveitarstjórnarráðs Sóley Björk Stefánsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt
2. Flokksráðsfundur
 - a) Skipulag og dagskrá fundarins
 - b) Lagabreytingar
 - c) Fjármál hreyfingarinnar, kynning í flokksráði

Katrín kynnir uppleggið á flokksráðsfundi sem haldinn verður á Hallveigarstöðum á morgun, laugardaginn 13. febrúar. Una kynnir niðurstöðu starfs lagabreytinganefndar og uppleggið að umræðu um fjármál hreyfingarinnar.
Umræður um flokksráðsfundinn.

3. Fundur sveitarstjórnarfólks VG
Sóley Björk Stefánsdóttir formaður Sveitarstjórnarráðs kynnir upplegg og dagskrá fundar sveitarstjórnarfólks VG sem haldin verður á Hallveigarstöðum í dag föstudaginn 12. febrúar frá kl. 18-21. Umræður.
4. Næsti flokksráðsfundur, sumarferð og landsfundur 2017
Lísu Kristjánsdóttir kynnir hugmynd að efni næsta flokksráðsfundar. Stefnt að því að halda næsta flokksráðsfund 16.-17. september á Bifröst eða Akureyri. Áætlað að sumarferð verði laugardaginn 27. ágúst.
Landsfundur 2017 verður í lok febrúar eða byrjun mars. Farið yfir mögulega staðsetningu og kostnaðaráætlun. Lísu falið að vinna áfram að því að ganga frá húsnæðismálum fyrir næsta landsfund og kynna á næsta fundi stjórnar.
5. Málefnaþing næstu skref
Elín Oddný Sigurðardóttir kynnir næstu skref í vinnu málefnaþinga. Lísu Kristjánsdóttir fer yfir lista með hópstjórum og skráningu í málefnaþinga.
6. Hugmyndasmiðjur
Tímasetningar og yfirskriftir:
16. mars – Fjölmíðlar
23. mars – Breyta kreppur heiminum?
5. apríl – Parísarsamkomulagið

Lísa Kristjánsdóttir kynnir upplegg hugmyndasmiðja. Athuga þarf betur með dagsetninguna 23. mars þar sem það er miðvikudagurinn í dymbilviku.

7. Betri.vg.is

Daníel Arnarsson kynnir stöðu mála vegna vinnu við lýðræðisvettvang VG betri.vg.is. Ritstjórn betri.vg.is skipa: Elín Oddný, Daníel, Rósa Björk, Bjarkey og Sóley Björk. Umræður um framtíð betri.vg.is.

8. Ferðaklúbburinn VG og vinir þeirra

Björg Eva Erlendsdóttir og Lísa Kristjánsdóttir kynna ferðaklúbbinn VG og vinir þeirra. Fyrsta ferðin verður í mars. Björg Eva verður fararstjóri. Finna þarf dagsetningu fyrir vorferð til Hveragerðis þar sem Katrín Jakobsdóttir verður fararstjóri. Stefnt að 4-5 ferðum á ári.

9. Önnur mál

Leiðarvísir um landsfundi – Hrafnkell Lárusson leggur til að gerður verði skriflegur leiðarvísir sem hafi að markmiði að festa í sessi verklag við undirbúning og framkvæmd landsfunda. Einnig þarf að uppfæra kosningahandbókina fyrir næstu alþingiskosningar.

Hrafnkell ræddi einnig útsendingu fundargagna fyrir stjórnarfundi. Fór fram á að fundargögn verði send meiri fyrirvara. Helst a.m.k. sólarhringsfyrirvara.

Staða stjórnmalanna. Umræður.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 4. mars kl. 15.00.

Fundi slitið kl. 17.17.